

Lysting er sæt að söng / Four Songs from Old Icelandic Manuscripts

Soprano & Cello

Texts (in Icelandic):

I. Músículof / *In Praise of Music*

Alglaðir allir senn
upphefjum hljóðin skær:
Konurnar, karl - og - menn
kveðum nú saman vær,
reynum á raddar mátt,
rómsnillin komi fram,
leikum so lagið kátt,
látum sjá Musicam.

Lysting er sæt að söng,
sannað er málið það;
tíð þykir lýð ei löng
þá leikur sér þar að;
burt drífur sút og sorg
sæt melodía og tónn;
hjartanna hressir borg
hreinn og vel fagur sónn.

Lífgar hann líf og sál,
lífgar hann geð og hug,
lífgar hann líka mál,
lífgar hann sinni og dug,
lífgar hann limi manns,
lífgar hann eyrun best,
lífgar hann list og sans,
lífgar hann rænu mest.

(Höfundur ókunnur).

II. Sálmur / *Psalm*

Lofið Drottin, þér heiðnar heimsins þjóðir,
hver yður veitir farsæld líf og náðir.
Allt skal á jörðu fólkið til hans falla,
frelsa vill hann af háskasemdum alla.
Hans miskunn staðföst hjá oss er,
helgan sannleika oss kenner,
hans trúfesti hjá oss blífur.
Honum sé dýrð að eilífu.

(Þýðing úr sálmabók Hans Thomissön frá 1569).

III. Hvítasunnukvæði / *Whitsun Poem*

Eilíft lof sé eilífum Guði
sem eilíft gott oss mönnum téði.
Hvað sem lifandi hefur önd
heiðri hans nafn um gjörvöll lönd.
Hátíðleg skín sú hvíta sól,
að heiðri jöfn við páska og jól,
dýrðarleg af Guðs dýrðar verki
dýrðarleg eru vors Guðs stórmerki.
Allelúja, allelúja.

Hjartans friður og hughreysti
helgri uppfylling með fylgdi
og gleði með þeirra hugarhægð
himnesk menntun og vísdóms nægð.
Fylgjarar Kristí fáfróðir
fljótlega urðu hálærðir,
með ýmsum tungum talandi
trúanleg Drottins stórmerki.
Allelúja, allelúja.

Heiður sé Guði gefanda
góðum föður sjálfs síns anda.
Lausnarinn Jesú lofaður sé
þá líknargjöf útvegandi.
Guðs anda verður göfgun hæst
gefin fyrir sín ástverk stærst.
Haldist oss náð og heill þessi,
heilagur Guð oss alla blessi.
Allelúja, allelúja.

Séra Jón Magnússon í Laufási (1601-1675))